

Umfjöllun um meðhöndlun úrgangs í íslenskum stjórnvaldsákvörðunum

1. Eftirfarandi lög hafa að geyma tilvísanir í úrgang og meðhöndlun úrgangs eða fjalla að öllu leyti um meðhöndlun þess. Mörgum laganna hefur verið breytt, en einungis mikilvægustu breytinga er getið hér, þ.e. fyrir lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Tilvísun í breytingar er skráð í nýjustu útgáfu laganna eins og hún er birt á vefsíðu Alþingis.

Nr.	Ártal	Heiti
52	1989	Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Þessi lög falla úr gildi 1.1. 2011.
18	1996	Lög um erfðabreyttar lífverur
7	1998	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir
44	1999	Lög um náttúruvernd
106	2000	Lög um mat á umhverfisáhrifum
162	2002	Lög um úrvinnslugjald
55	2003	Lög um meðhöndlun úrgangs, , með síðari breytingum, m.a. nr. 73/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang og nr. 93/2009 um tilflutning úrgangs
33	2004	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda
105	2006	Lög um umhverfismat áætlana

2. Eftirfarandi reglugerðir hafa að geyma tilvísanir í úrgang og meðhöndlun úrgangs eða fjalla að öllu leyti um meðhöndlun þess

Nr.	Ártal	Heiti
°609	1996	Reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs
562	2005	Breyting á reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs
870	2000	Reglugerð um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests
368	2000	Reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur
49	2006	Breyting á reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur
524	2006	Breyting á reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

184	2002	Reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
428	2003	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
851	2002	Reglugerð um grænt bókhald
737	2003	Reglugerð um meðhöndlun úrgangs
738	2003	Reglugerð um urðun úrgangs
739	2003	Reglugerð um brennslu úrgangs
792	2004	Reglugerð um móttöku á úrgangi frá skipum
801	2004	Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum
1123	2005	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum
1124	2005	Reglugerð um úrvinnslugjald
820	2007	Reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum
679	2008	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum
303	2008	Reglugerð um úrvinnslu ökutækja
990	2008	Reglugerð um útstreymisbókhald
1104	2008	Reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang
103	2009	Reglugerð um þrávirk lífræn efni
705	2009	Reglugerð um asbestúrgang
739	2009	Reglugerð um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess

3. Auglýsingar og gjaldskrár

Sveitarfélög geta með auglýsingum sett sér reglur um meðhöndlun úrgangs sem kveða á um sérstaka meðhöndlun úrgangs sem gildir einungis í viðkomandi sveitarfélagi. Þessar reglur mega ganga lengra en ákvæði í lögum og reglugerðum t.d. hvað varðar endurvinnslu. Sveitarfélag má þannig setja sér endurvinnslumarkmið umfram það sem lög og reglugerðir kveða á um.

Öll sveitarfélög eiga að setja sér gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, mörg sveitarfélög hafa auglýst gjaldskrá um sorphirðu í Stjórnartíðindum, hjá öðrum er að finna gjaldskrár í fundargerðum sveitarstjórnar.

Verið er að vinna að því að taka saman auglýsingar um meðhöndlun úrgangs og gjaldskrár og uppfæra reglulega.